

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 3 kafla bls 25 segir um fyrirtæki sem mynda S-hópin.

„Í tilkynningunni, sem Kristinn Hallgrímsson hrl. Sendi fyrir hönd hópsins, var hópurinn sagður samanstanda af eignarhaldsfélaginu Andvöku, Eignarhaldsfélaginu Samvinnutrygginum, Fiskiðunni Skagfirðingi hf, Kaupfélagi Skagfriðinga svf, Keri hf, Samskipum hf og Samvinnulífeyrissjóðnum. „

Eigendur Háuhlíðufélaganna eru forsvarsmenn hjá , Fiskiðunni Skagfirðingi hf, og Kaupfélagi Skagfriðinga svf.

Spyrja verður hvort slóð peninganna úr sölu Búnaðarbanka liggi til Háuhlíðufélaganna.

	Háahlíð 2 ehf.	Háahlíð 3 ehf.	Háahlíð 7 ehf.	Samtals
2005:				
Fjárfest í:				
Fiskileiðir ehf.	41.250	27.500	37.500	106.250
Veifa ehf., síðar Matróna	250.000	250.000		500.000
Flagg ehf., síðar Gullinló	250.000	250.000		500.000
Samtals fjárfestingar	541.250	527.500	37.500	1.106.250
Tekjur frá:				
Engar				
2006:				
Fjárfest í:				
Skarðsá ehf.	233.334	233.334		466.668
Síðasti dropinn	148.482	148.482	148.482	445.446
Samtals fjárfestingar	381.816	381.816	148.482	912.114
Tekjur frá:				
Fiskileiðir ehf.	28.150.000	18.750.000	28.125.000	75.025.000
2007:				
Fjárfest í:				
AB 124 ehf.	210.000	210.000	210.000	630.000
Síðasti dropinn ehf.	64.400	64.400	64.400	193.200
Grindvíkingur ehf.		620.000		620.000
Skarðsá og Fiskil. ehf.	(274.584)	(260.833)	(37.500)	(572.917)
Samtals fjárfestingar	(184)	633.567	236.900	870.283
Tekjur frá:				
Matróna ehf.	79.000.000	4.000.000	0	83.000.000
2008:				
Fjárfest í:				
Haahlid 3 APS		16.425.000		16.425.000
Samtals fjárfestingar		16.425.000		16.425.000
Tekjur frá:				
Matróna ehf.	200.000.000	200.000.000	0	400.000.000
Samtals 2005 til 2008:				
Fjárfestingar	922.882	17.967.883	422.882	19.313.647
Tekjur af hlutabréfum	307.150.000	222.750.000	28.125.000	558.025.000

Fyrir liggur að þessar tekjur eru í engu samræmi við þær fjárfestingar sem gerðar voru í viðkomandi félögum. Umtalsverð verðbréfaþelta var líka í mörgum þeim félögum sem Háuhlíðarfélagin áttu í og nánast ótrúverðugt að þau skuli hafa getað átt svona mikil viðskipti með lántökum nema hafa sérstaka bakhjarka til stuðnings. Sérstaklega má þar nefna viðskipti Síðasta dropans þar sem getið er um mikla veltu en mörg önnur ótilgreind félög í eigu þremmenningana o.fl. tengjast þessum viðskiptum og taka þátt í samrunum og skiptingum þeirra. Velta má fyrir sér hvort skiptingar sem tengjast Síðasta dropanum, þar sem meginþorri eigna og eigin fjár var fluttur til Jóns, standist skattalög þar sem reglur kveða á um að eftir skiptingu skuli þau félög sem skipt var vera innbyrðis í eigu sömu hluhafa í sömu hlutföllum og félagið sem skipt var. Þá vekur nokkra athygli að öll eignarhaldsfélög þessara aðila eru stofnuð af og skráð hjá einni og sömu lögmannsstofunni að Suðurlandsbraut 18 í Reykjavík. Eins og áður segir snýst athugunarefnið um að skoða hverjir voru mótaðilar í viðskiptum Fiskileiða, Matrónu sem áður hét Veifa ehf., Síðasta dropans og hugsanlega fleiri að félaga. Upplýsa þarf hverjir voru seljendur hlutabréfa til þessara félaga og hverjir voru kaupendur af þeim til baka til þess að unnt sé að ganga úr skugga um að tekna þeirra, sem síðan runnu til Háuhlíðarfélaganna beint eða óbeint, hafi verið aflað í eðlilegum viðskiptum ótengdra aðila.

1. Fiskileiðir ehf., sem er í eigu Háuhlíðar 2, Háuhlíðar 3 og Háuhlíðar 7, kaupa á árinu 2005 hlut í Fisk Seafood hf. fyrir 148 millj. kr. og virðast selja þann hlut árið eftir með 103 millj. kr. hagnaði og úthluta til eigenda. Um er að ræða um 70% hækkun á verðmæti hlutarins á milli ára. Fisk Seafood er dótturfélag Kaupfélags Skagfirðinga og enginn markaður með þau hlutabréf. Því þarf að kanna af hverjum var keypt og hverjum var selt. Voru viðskiptin eðlileg eða knúin fram í gegnum stöðu málsaðila? Þetta gæti verið laun ef ráðstöfun er gerð með vilja og vitund stjórnar.
2. Matróna ehf., sem áður hét Veifa og er í eigu Háuhlíðar 2 og Háuhlíðar 3, keypti stofnfjárbréf í SPRON fyrir 579 millj. kr. á árinu 2005 fyrir lánsfé og seldi að því er virðist þau stofnfjárbréf með 380 millj. kr. hagnaði árið eftir með 65% álagi (mögulega gætu önnur bréf verið inni í þeim hagnaði).
3. Síðasti dropinn ehf. er sagður 22,6% í eigu Háuhlíðar 2, 22,6% í eigu Háuhlíðar 3 og 22,6% í eigu Háuhlíðar 7 á árunum 2005 og 2006. Það félag er með hagnað af hlutabréfaviðskiptum upp 400 milljónir kr. á árinu 2006 og upplýsir um kaup á hlutabréfum upp á 6 milljarða og sölu upp á 5,9 milljarða í sjóðstreymi á því ári þrátt fyrir að hlutafé þess sé einungis 600 þús. kr. Þrátt fyrir þennan hagnað á árinu 2006 kaupa Háuhlíðarfélagin þrjú um 33% hlut í félaginu á árinu 2007 fyrir 193.200 kr. eins og sést í yfirlitinu hér að framan. Í árslok 2007 eru hluthafar sagðir þrír eða Háuhlíðarfélagin þrjú sem eiga hlutaféð að jöfnu. Á árinu 2007 hafði félagið 90 milljón kr. tekjur af hlutabréfaviðskiptum en greiddi ekki út neinn arð. Á árinu 2008 var félaginu skipt þannig að meginhluti eigna var skilinn eftir í Síðasta dropanum og var félagið í lok þess árs allt í eigu Háuhlíðar 7. Eins og áður segir nam eigið fé Síðasta dropans 499 milljónum kr. í árslok 2008 eftir skiptinguna og rann það að sjá allt til eingarhaldsfélags í eigu Jóns, þ.e. Háuhlíðar 7 ehf.